

11. FUNDUR SAMEININGARNEFNDAR A-HÚN

Fimmtudaginn 16. apríl 2020, var fundur haldinn í sameiningarnefnd A-Hún kl 16:00 í gegnum ZOOM fjarfundarkerfi.

Mætt voru:

Frá Húnavatnshreppi: Jón Gíslason, Þóra Sverrisdóttir, Einar Kristján Jónsson og Ragnhildur Haraldsdóttir.

Frá Skagaströnd: Halldór G. Ólafsson, Kristín Björk Leifsdóttir, Alexandra Jóhannesdóttir.

Frá Blönduósbae: Valdimar O. Hermannsson, Guðmundur Haukur Jakobsson og Birna Ágústsdóttir.

Frá Skagabyggð: Magnús Björnsson, Karen Helga R. Steinsdóttir og Dagný Rósa Úlfarsdóttir.

Frá RR ráðgjöf: Róbert Ragnarsson og Jón Hrói Finnsson.

Jón Gíslason, formaður nefndarinnar setti fundinn og fól Róberti Ragnarssyni að stjórna fundinum og að rita fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð 10. fundar frá 20. mars 2020

Fyrir fundinum lá fundargerð síðasta fundar nefndarinnar 20. mars 2020. Fundargerðin var samþykkt og verður birt á huni.is

2. Breytingar á verk-og tímaáætlun

Minnisblað ráðgjafa *Staða verkefnis, verk- og tímaáætlun. Samstarf sveitarfélaga dags 14. apríl.* lagt fram. Minnisblaðið lýsir tillögu að breytingum á tímalínu verkefnisins vegna heimsfaraldurs Covid-19 og breytingu á verklagi sem miðar að greiningu samstarfs sveitarfélaganna.

Í upphaflegri áætlun var gert ráð fyrir að sveitarstjórnir tækju ákvörðun um hvort hefja skuli formlegar sameiningarviðræður í lok apríl eða maí. Ráðgjafar leggja til eftirfarandi breytingu á tímalínu

- Ráðgjafar kynni niðurstöður greininga og tillögur á fundi sameiningarnefndar í lok maí eða byrjun júní. Tímasetning fundar mun ráðast af þróun samkomubanns.
- Sameiningarnefnd móti áherslumál og verkefni í sumar og eigi samráð við þingmenn og ríkisstjórn.
- Sameiningarnefnd fjalli um tillögu um hvort hefja skuli formlegar sameiningarviðræður um miðjan ágúst.
- Í september afgreiði sveitarstjórnir tillögu um hvort hefja skuli formlegar sameiningarviðræður.

Breytt tímalína var samþykkt samhljóða.

Halldór óskar bókað að hann telji að forsenda fyrir því að þessi tímalína geti staðist sé að hægt verði að ná ásættanlegu samtali við þingmenn og ríkisstjórn innan þess tíma sem um ræðir.

Ráðgjafar leggja til að samstarf sveitarfélaganna verði greint sérstaklega. Slík greining myndi veita sveitarfélögunum mikilvægar upplýsingar um stöðu samstarfs sveitarfélaganna og hvaða breytingar eru brýnar, hvort sem til sameiningar sveitarfélaga kemur á næstu tveimur árum eða

ekki. Þá geta upplýsingarnar nýst við mat á því hvort hefja skuli formlegar sameiningar viðræður.

Samþykkt samhljóða að greina samstarf sveitarfélaganna og ráðgjöfum falið að gera nánari verk- og tímaáætlun í samráði við fulltrúa sveitarstjórna í framkvæmdahópi.

3. Áhersluatriði og hagsmunagreining

Jón Hrói fór yfir drög að minnisblaði *Hagsmunagreining til umræðu á fundi nefndarinnar 16. apríl*. Minnisblaðið er unnið á grundvelli umræðu síðustu tveggja funda.

Fram komu ábendingar og athugasemdir sem ráðgjafar munu vinna með fyrir lokaútgáfu.

Mikil og jákvæð umræða um sameiginleg hagsmunamál. Samstaða er í nefndinni um að verkefni í atvinnuþróun og samgöngum eru meðal helstu hagsmunamála húnvetninga og forgangsmál í samskiptum við stjórnvöld. Ákveðið að vinna áfram í málinu milli funda og skipuleggja fundi með þingmönnum og ráðherrum í júní.

4. Önnur mál

Ekkert var bókað undir þessum lið.

5. Næsti fundur

Ákveðið var að halda næsta fund í fyrstu viku júní eftir því hvernig skilmálar samkomubanns þróast. Fundurinn verður boðaður með dagskrá.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 17:50.